

til þess að vinna að þessu verki. Og þá trúir hann því, að hann hafi gert eitthvert gagn með litla blaðinu, og muni geta gert gagn með stærra blaði.

Mestu varðar, hvort við gerum það, sem drottinn vill, og gögnum verkinu, sem hann er að vinna; en ekki, hvernig það, sem við gerum, er talið af mönnum, hvort það er óásjállegt eða glæsilegt í augum þeirra. Um það verður aldrei spurt af drotni: Fékstu álit á þig fyrir það, sem þú gerðir. Þótti hinum eða þessum mentamanninum nokkuð varið í það? Græddirðu glæsilegra nafn með mönnum fyrir það? Heldur um það: varstu að vinna fyrir mig?

Sá, sem þetta ritar, hefur ekki viljað sækjast eftir heiðri hjá mönnum með hinu litla blað-starfi sínu, en hann hefur sókst eftir og vill sækjast eftir því, að fá að sá í sálir barna og unglinga því, sem lifir og þroskast í þeim og er þeim til góðs bæði fyrir tíma og eilífð.

Á hverju riður meir en á því, að þetta verði gert? Það virðist eins og öllum, sem ant er um heill kynslóðarinnar, ætti að vera ant um, að börnum og unglíngum sé sint sem allra best — að unnið sé sem mest og best á móti því, sem spillir hinum ungu sálum, með því að gefa þeim það, sem holt er og gott fyrir þær.

Sé þörf á blöðum fyrir fullorðna — og um það efast enginn—, þá er líka þörf á þeim fyrir börn og unglínga. Og sé þörfin mikil að því er kemur til hinna eldri, þá er hún ekki minni að því er kemur til hinna yngri. Blindur maður er sá, sem ekki sér það. Hugsunarlaus sá, sem ekki finnur til þess. Hirðulaus sá, sem ekkert vill sinna því.

Guð blessi alla þá, sem láta sér ant um börn og unglínga, og sýna það í verkinu.

Svo er öllum þeim þakkað fyrir, sem þegið hafa hið litla, er blaðið „Börninn“ hefur gefið. Og búist er við því, að þeir verði hollvinir hins nýja blaðs, sem út á að koma í næsta mánuði.